



Fundargerð 7. fundar stjórnar SSA haldinn 19. mars 2021

Fundurinn var haldinn í Múlanum – samvinnuhúsi í Neskaupstað

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir og Pálína Margeirsdóttir. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð stjórnargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundur með bæjarráði Fjarðabyggðar

Formaður bauð fulltrúa bæjarráðs velkomna ásamt staðgengli bæjarstjóra.

Til fundarins komu í viðbót við Einar Má Sigurðarson og Pálinu Margeirsdóttir sem sitja í stjórn; Gunnar Jónsson staðgengill bæjarstjóra, Sigurður Ólafsson formaður bæjarráðs og Ragnar Sigurðsson fulltrúi í bæjarráði.

Ýmis málefni voru rædd s.s. færslur á rekstri hjúkrunarheimila og samskiptin við stjórnvöld í tengslum við það. Góðar umræður um stöðuna í dag og tækifærin framundan.

Formaður þakkaði gestum fundarins fyrir komuna.

2. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 2.1 Fundargerð frá 6. fundi stjórnar SSA 2020-2022 – Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og verður undirrituð rafrænt.
- 2.2 Boðun á landsþing sambandsins – Tilkynning um frestun landsþings sambandsins lögð fram til kynningar.
- 2.3 Fundargerðir stjórnar SSH (520,521), SSV(159), SSNV(64), Vestfjarðastofa (33), SSNE (22,23), SASS (567), SSS (766) – Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar
- 2.4 Fundargerð Sambandsins (895) – Fundargerðin var lögð fram til kynningar
- 2.5 Fundargerð Stýrihóps (67,68) – Fundargerðin lögð fram til kynningar
- 2.6 Svæðisskipulagsnefnd (4) – Fundargerðin var lögð fram til kynningar.
- 2.7 Svarbréf Skipulagsstofnun – Lagt fram til kynningar.

3. Innra starf SSA

- 3.1 Sónarátlanir
 - Áhersluverkefni
Framkvæmdastjóri fór yfir umræðu um áhersluverkefni fyrir árið 2021. Verður málið tekið aftur fyrir á næsta fundi.
- 3.2 Almenningsgöngur.
 - *Formaður fór yfir stöðu mála.*
- 3.3 Aðalfundur SSA



- Framkvæmdastjóri fór yfir skipulag og undirbúning varðandi aðalfund sem er dagsettur 21.maí. Rætt að færa skuli dagsetningu aðalfundar sem mun rekast á við boðaða landsþingsdagsetningu sambandsins og verður ákvörðun tekin á næsta fundi um nýja dagsetningu.

4. Önnur mál

-**Háskólamálin.** Formaður sagði frá gangi mála. Líklegt að fyrsti fundur vinnuhópsins verði í næstu viku.

- **Bókun byggðaráðs Múlapings.** Gauti kynnti bókun byggðaráðs Múlapings um viljayfirlýsingu til samstarfs University of the Highlands and Islands og Múlapings

-**Samráðsfundur með samgönguráði.** Framkvæmdastjóri kynnti opinn samráðsfund með samgönguráði í tengslum við Grænbókarvinnu þann 23.mars á Teams. Formanni falið að taka saman ályktanir sem upphafsinnlegg og framkvæmdastjóra falið að hafa samband við aðila til að vera með innlegg á fundinum. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir því að fundurinn verði færður til 29.mars.

Ekki fleiri mál fundi slitið kl 16:40